

AUGLÝSING um deiliskipulag í Múlaþingi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti heimastjórn Fljótsdalshéraðs eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Votihvammur, íbúðasvæði á Egilsstöðum. Breyting á deiliskipulagi.
Samþykkt í heimastjórn 11. apríl 2022.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Steinaborg Berufirði. Óveruleg breyting á deiliskipulagi.
Samþykkt í umhverfis- og framkvæmdaráði 5. júlí 2022.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 13. júlí 2022.

Sigurður Jónsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 27. júlí 2022